

Lög Foreldrafélags Áslandsskóla

1. grein;

Félagið heitir Foreldrafélag Áslandsskóla.

2. grein;

Félagar eru allir foreldrar og forráðamenn nemenda í Áslandsskóla.

3. grein;

Markmið félagsins er:

- *að vera samstarfsvettvangur foreldra innbyrðis
- *að efla samstarf foreldra og starfsfólk skólans
- *að styðja heimili og skóla til að skapa nemendum góð uppeldisö og menntunarskilyrði.
- *að koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.

4. grein;

Til að ná þessum markmiðum hyggst félagið:

- *Starfa eftir þeim ákvæðum laga og reglugerða sem Alþingi og menntamálaráðuneytið setur um grunnskóla.
- *Kynna sér kennsluhætti og uppeldismarkmið skólans og tilefna fulltrúa í Foreldráð Hafnarfjarðar, auk fulltrúa hjá Æskulýðs- og tómstundarráði Hafnarfjarðar.
- *Koma með tillögur og hafa frumkvæði að endurbótum og þróunarstarfi í samvinnu við skólayfirvöld.
- *Hafa samstarf við stjórnendur, kennara og starfsmenn skólans og aðra þá aðila sem tengjast málefnum nemenda skólans.
- *Skipuleggja og þróa leiðir að efla samstarf heimila og skóla.
- *Standa fyrir fræðlu og upplýsingamiðlun til foreldra, m.a. með útgáfu fréttabréfa.
- *Styðja eftir megni félags- og tómstundastarf nemenda.
- *Taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög og samtök foreldra.

5. grein;

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir [septemberlok]¹ og skal hann boðaður með viku fyrirvara. Fundurinn er löglegur ef löglega er til hans boðað. Á fundinum er m.a. flutt skýrsla fráfarandi stjórnar, lagðar fram endurskoðaðir reikningar, kosin stjórn samkvæmt lögum félagsins og gengið frá lagabreytingum ef einhverjar eru.

6. grein;

Í hverri bekkjardeild eru kosnir 2 bekkjarfulltrúar foreldra (tenglar) se mhafa yfirumsjón með bekkjarstarfi. Bekkjarfulltrúar allra bekkja mynda fulltrúaráð skólans og skal stjórn

¹ Breyting samþykkt á aðalfundi félagsins 20. september 2016.

félagsins boða þá til sameiginlegra funda minnst tvisvar sinnum á ári, þar af einu sinni fyrir áramót.

7. grein;

Stjórn félagsins er skipuð 5 foreldrum sem kosnir eru á aðalfundi. Stjórn skiptir með sér verkum. Skulu tveir stjórnarmanna kosnir annað árið og þrír hitt.

[Tveir stjórnarmiðlimir skulu kosnir sem fulltrúar í skólaráði.]²

8. grein;

Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi enda hafi lagabreytingar verið kynnar í aðalfundarboði.

Nafn

Kennitala

Hulda Hákonard. 050180-5229

Steinborg Petrína Jónsdóttir 140878-3409.

Ólafur Þórhildur Þórhildsson 250672-3309

Kristín Ólaf Grétarsdóttir 250383-5849

Anna María Guðvortótt 121171-3259



² Breyting samþykkt á aðalfundi félagsins 20. september 2016.